



Ferð til Akranesveitu 4. maí 1999

**Einar Hrafnkell Haraldsson**

**Greinargerð EHH-99-01**



1999-05-07

### Ferð til Akranesveitu 4. maí 1999

Undirritaður fór til Akraness 4. maí 1999 til þess að líta á bilað skilti, sem sýnir í hita vatns, sem streymir frá dælustöð til Akraness. Arinbjörn Hauksson rafvirki hjá Glitni tók á móti mér.

Vandamálið við skiltið var leyst og það stillt þannig að það sýndi sama hitastig og stafrænn mælir, sem er á skápurð í dælustöðinni. Fyrir stillinguna sýndi skiltið 1 °C lægra hitastig en mælirinn.

Skiltið var á sínum tíma, árið 1993, þegar það var sett upp viðbót við þáverandi skráningarkerfi. Nú er það skráningarkerfi hins vegar aflagt en samt þarf að reka hluta þess í dælustöðinni eingögnu fyrir skiltið. Skynsamlegt er að breyta skiltinu þannig að ekki þurfi að reka samhliða því gamla skráningarkerfið að hluta. Ef það verður gert, þá verður búnaður skiltisins einfaldari og skil á milli eininga í dælustöðinni gleggri og auðveldara að einangra hugsanleg vandamál og bilanir síðar.

Farið var yfir búnað úr gamla skráningarkerfinu, sem ekki er lengur notaður og Arinbjörn mun gera frekari úttekt á því.

Ef áhugi er fyrir hendi, þá getum við gert kostnaðaráætlun um hvað kostar að breyta skiltinu og einfalda tengingu þess við stjórnþúnaðinn.

Einnig kom til tals sá möguleiki að færa skiltið inn í bæinn.

Stjórn- og skráningarkerfi hitaveitunnar skráir vatnið, sem fer inn á dreifikerfið í Deildartungu. Ekki fer hins vegar fram mæling á því vatnsmagni, sem fer í framhjá kerfinu og rennur út í ána. Þær upplýsingar geta verið verðmætar seinna og er Orkustofnun tilbúin að veita ráðgjöf og aðstoð við mælingar á því vatni.

Einar Hrafnkell Haraldsson